# AUGLÝSING

**um breytingar á vátryggingarfjárhæðum ökutækjatrygginga.**

1. gr.

Með vísan til 6. mgr. 8. gr. laga um ökutækjatryggingar, nr. 30/2019, er ákveðið að hámark vátryggingarfjárhæðar ábyrgðartryggingar ökutækis skv. 5. mgr. 8. gr. sömu laga verði 6.448 millj. kr. vegna líkamstjóns eða missis framfæranda og 599 millj. kr. vegna tjóns á munum.

2. gr.

Með vísan til 4. mgr. 9. gr. laga um ökutækjatryggingar, nr. 30/2019, er ákveðið að hámark vátryggingarfjárhæðar slysatryggingar ökumanns og eiganda skv. 3. mgr. 9. gr. sömu laga verði 484 millj. kr.

3. gr.

Hámark eigin áhættu vátryggingartaka skv. 2. málsl. 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 1244/2019 um ökutækjatryggingar, er 695.000 kr. fyrir einstakling og 3.475.000 kr. fyrir rekstraraðila. Hámark eigin áhættu í iðgjaldagrundvelli skv. 3. málsl. 2. mgr. 4. gr. sömu reglugerðar er 174.000 kr.

4. gr.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi. Á sama tíma fellur úr gildi auglýsing um breytingar á vátryggingarfjárhæðum ökutækjatrygginga, nr. 1481/2024.

*Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 18. nóvember 2025.*

F. h. r.
**Guðrún Þorleifsdóttir.**

*Páll Friðriksson.*